



30.06.2026

**Bæjarstjórn - 827827. fundur bæjarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarins ráðhúsinu Aðalstræti, sunnudaginn 28. júní
2026
og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Þorbergur Haraldsson, Rebekka Líf Karlsdóttir, Baldur Smári Einarsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. Erindi til nýkjörinna sveitastjórna vegna öldungaráða - Kröfugerð LEB v. kosninga 2026 - 2606070

Erindi til bæjarstjórnar frá Landssambandi eldri borgara til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

Erindi kynnt. Bæjarstjórn tekur undir mikilvægi virks samráðs við eldra fólk og leggur áherslu á að skipan öldungaráðs verði í samræmi við lög og markmið góðrar stjórnýslu.

2. Skipan fulltrúa í Fulltrúaráð og Notendaráð 2026-2030 - 2606077

Skipan fulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar í fulltrúaráð og notendaráð.

Fulltrúaráð: Aðalfulltrúi og varafulltrúi

Notendaráð: Aðalfulltrúi

Fram kom tillaga um fulltrúa í Fulltrúaráð Velferðarþjónustu Vestfjarða með þessu nafni: Svana Kristín Guðbjartsdóttir.

Og þessu nafni vegna varafulltrúa: Katrín Ugla Kristjánsdóttir.

Fram kom tillaga um fulltrúa í notendaráð í málefnum fatlaðs fólks: Svana Kristín Guðbjartsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir framlagða tillögu um skipan fulltrúa í fulltrúaráð og notendaráð Velferðarþjónustu Vestfjarða fyrir tímabilið 2026 - 2030 í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.



30.06.2026

3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026 - 2606041

Viðauki nr. 5 Styrkur til UMFB vegna Hrafnakletts.
Rekstrarniðurstaða lækkar um 1.836.148 kr. vegna veitts styrks til UMFB. Eigið fé lækkar sem nemur rekstraráhrifum viðaukans og handbært fé lækkar um sömu upphæð.
Engin tók til máls.

Viðauki samþykktur einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

4. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026 - 2606041

Viðauki nr. 4 Hluta fjáráaukning í Hvetjanda
Viðaukinn hefur engin áhrif á rekstrarniðurstöðu þar sem um eignabreytingu er að ræða. Eignir hækka um 2.314.071 kr. og handbært fé lækkar á móti um sömu upphæð
Enginn tók til máls.

Viðauki samþykktur í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026 - 2606041

Viðauki nr. 3 endurnýjun eldhústækja á Bergi
Viðaukinn hefur óveruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu þar sem um tilfærslu innan rekstrar og fjárfestingu er að ræða, þó rekstrargjöld hækki lítillega. Eignir hækka vegna búnaðarkaupa og handbært fé lækkar um 3.246.652 kr. Fjármögnun er jafnframt að hluta mætt með lakkun á viðhaldsútgjöldum eignasjóðs.
Enginn tók til máls.

Viðauki samþykktur í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

6. Prókúruheimildir - 2606029

Lögð fram tillaga um prókúruumboð með vísan til 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 heimilar bæjarstjórn bæjarstjóra að veita eftirtöldum starfsmönnum Bolungarvíkurkaupstaðar prókúruumboð: fjármála- og skrifstofustjóra, Kristni Gauta Einarsyni. Umboðið nær til að undirrita skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar þarf til.
Enginn tók til máls.

Tillaga samþykkt einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

Jóhanna Ósk Halldórsdóttir vikur af fundi fyrir þennan dagskrárlið og Jóna Dagbjört Pétursdóttir kemur inn í hennar stað.

7. Ráðning bæjarstjóra 2026-2030 - 2606009

Ráðningarsamningur við Jóhönnu Ósk Halldórsdóttur bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar lagður fram til staðfestingar.



30.06.2026

Til máls tók Guðfinnur Ragnar Jóhannsson,

Þorbergur Haraldsson varaforseti tekur við fundarstjórn af Baldri Smára Einarssyni

Til máls tók Baldur Smári Einarsson

Baldur Smári Einarsson forseti tekur aftur við fundarstjórn af Þorbergi Haraldssyni

Forseti leggur til að bæjarstjórn staðfesti og samþykki fyrirbyggjandi ráðningarsamning milli Bolungarvíkurkaupstaðar og Jóhönnu Óskar Halldórsdóttur.

Ráðningarsamningur samþykktur í einu hljóði með öllum 7 greiddum atkvæðum.

Hér kemur Jóhanna Ósk Halldórsdóttir aftur inn á fund og tekur sæti Jónu Dagbjartar Pétursdóttur.

8. Sumarleyfi Bæjarstjórnar 2026 - 2606078

Forseti bæjarstjórnar leggur til að bæjarstjórn geri eftirfarandi að bókun sinni:

"Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykkir með vísan í 8. grein samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar að fella niður fundi bæjarstjórnar í júlí. Bæjarráði Bolungarvíkur er falið umboð bæjarstjórnar sama tíma með vísan til 32. greinar sömu samþykktar og 35. greinar sveitarstjórnarlaga. Næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verður þriðjudaginn 18. ágúst 2026."

Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt í einu hljóði með öllum 7 greiddum atkvæðum.

9. Fundargerðir Umhverfismálaráðs - 2606030

Fundargerð Umhverfismálaráðs frá 11. júní 2026 til staðfestingar.

Enginn tók til máls.

Fundargerð Umhverfismálaráðs frá 11. júní 2026 staðfest í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

10. Fundargerðir Bæjarráðs - 2606022

Fundargerðir bæjarráðs til staðfestingar.

a. fundargerð frá 9. júní

b. fundargerð frá 16. júní

c. fundargerð frá 23. júní



30.06.2026

a Fundargerð bæjarráðs frá 9. Júní.

Enginn tók til máls.

Fundargerð bæjarráðs frá 9. Júní staðfest í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

b. Fundargerð bæjarráðs frá 16. Júní.

Enginn tók til máls.

Fundargerð bæjarráðs frá 16. Júní staðfest einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

Baldur Smári Einarsson vikur af fundi fyrir lið c. og Þorbergur Haraldsson varaforseti tekur við fundarstjórn. Jóna Dagbjört Pétursdóttir varamaður tekur sæti á fundi.

c. Fundargerð bæjarráðs frá 23. Júní.

Enginn tók til máls.

Fundargerð bæjarráðs frá 23. Júní staðfest í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

Baldur Smári Einarsson tekur aftur við fundarstjórn og tekur sæti Jónu Dagbjartar Pétursdóttur.

11. Fundargerðir fræðslumála- og æskulýðsráðs - 2606010

Fundargerð Fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 25. júní 2026 til staðfestingar.

Enginn tók til máls.

Fundargerð fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 25. júní 2026 staðfest í einu hljóði með 7 greiddum atkvæðum.

12. Fundargerðir Velferðaráðs - 2606055

Fundargerð Velferðaráðs frá 24. júní 2026 til kynningar.

Enginn tók til máls.

Fundargerð velferðarráðs frá 24. júní 2026 lögð fram til kynningar.

13. Þinggerð 71. Fjórðungsping Vestfirðinga. - 2606047

Þinggerð 71. Fjórðungspings Vestfirðinga frá 24. júní til kynningar.

Enginn tók til máls.

Þinggerð 71. Fjórðungspings Vestfirðinga lögð fram til kynningar.

827. fundur bæjarstjórnar



30.06.2026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:32